



Kennari: Ingunn Helgadóttir (IH) ingunn@fsu.is

Áfangalýsing

Í þessum áfanga er fjallað um bókhaldshringrásina og helstu reglur tvíhliða bókhalds. Nemendur öðlast innsýn í notkun flestra reikninga sem telja má til grunnreikninga í fjárhagsbókhaldi. Lögð er áhersla á að nemendur verði færir um að bóka almennar færslur í dagbók og aðalbók, hafi skilning á uppgjöri og getu til að setja fram efnahags- og rekstrarreikning. Fjallað er um grundvallarhugtökinn eignir, skuldir, gjöld og tekjur. Fjallað verður um tilgang bókhalds og helstu lög um bókhald og virðisaukaskatt.

Markmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu á:

- ✓ grundvallarhugtökum tvíhliða bókhalds
- ✓ bókhaldshringrásinni
- ✓ dagbók
- ✓ aðalbók
- ✓ rekstrarreikningi
- ✓ efnahagsreikning
- ✓ viðskiptamannabók

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- ✓ færa einfaldar dagbókarfærslur
- ✓ stilla upp prófjöfnuði
- ✓ gera upp virðisaukaskatt
- ✓ færa niðurstöður dagbókar í aðalbók
- ✓ færa í viðskiptamannabók
- ✓ gera upp viðskipti fyrir ákveðið tímabil

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- ✓ geta hafið bókhald með fyrirbyggjandi efnahagsreikningi eða við stofnun fyrirtækis
- ✓ geta gert lagfæringar á bókhaldi með hliðsjón af einföldum dagbókarfærslum, svo sem varðandi afskriftir, birgðatalningu, ógreiddan og fyrirframgreiddan kostnað
- ✓ vera fær um að setja upp rekstrar- og efnahagsreikning í lok reikningstímabils að teknu tilliti til athugasemda og lokafærslna

Námsgögn

- ✓ Tvíhliða bókhald 1.34. Sigurjón Valdimarsson.
- ✓ Verkefni frá kennara.
- ✓ Nauðsynlegt er að hafa vasareikni, blýant og strokleður með í kennslustundir. Einnig er gott að hafa glósubók.

Námsmat

Áfanginn er án hefðbundins lokaprófs en aðalnámsmat fer fram í lok annar. Á önninni verða lögð fyrir minni könnunarpróf og verkefni til að nemandi geti metið stöðu sína.

Próf 1 - dagbók 35%

Próf 2 - uppgjör 35%

Könnunarpróf og verkefni 20%

Sérreglur áfangans

Nemandi skal standast hvern hluta námsmatsins til að standast áfangann með

lágmarkseinkunn 5. Niðurstöður námsmats munu liggja fyrir á prófsýningu í lok annar.

Nemandi sem ekki kemst í annað af „stóru“ prófunum vegna veikinda eða leyfa frá skóla gefst kostur á að taka sjúkrapróf á prófatíma í lok annar og gilda reglur um sjúkrapróf í þeim tilvikum.

Vika	Námsefni	Verkefni
34	Prufa á fjarkennslubúnaði og kynning á áfanganum	
35	bls 9-27	Sjá Innu
36	bls 9-27, verkefni bls 28 - 29	Sjá Innu
37	Bls 31 – 37	Sjá Innu
38	Bls 31 – 37	Sjá Innu
39	Bls 38 - 45	Sjá Innu
40	Bls 38 - 45	Sjá Innu
41	Bls 46 - 51	Sjá Innu
42	Bls 52 -53	Haustfrí – 2 tímar
43	Bls 54 - 55	Sjá Innu
44	Bls 56 - 63	Sjá Innu
45	Bls 64 - 73	Sjá Innu
46	Bls 75 - 84	Sjá Innu
47	Bls 85 - 91	Sjá Innu
48		Sjá Innu
49		Sjá Innu

Áætlun þessi er gerð með fyrirvara um breytingar!